



25.09.2020

Ágæti félagsmaður / styrktarskóli.

Um leið og við þökkum styrk þinn og vitund undanfarin ár sendir félagið **Uppbygging sjálfsaga** út ákall um félagslega þátttöku og styrk til að efla og gera okkur enn frekar kleift að mæta væntingum og þörfum okkar allra um bjargir og aðstoð því **It's all about WE.**

Saga Uppbyggings á Íslandi er 20 ára 2020. Árið 2000 var fyrsta formlega námskeiðið með Diane Gossen haldið í Grafarvogi, þá fyrir nýja hverfamiðstöð en nýta átti þessa hugmyndir og vinnuaðferðir fyrir allar stofnanir s.s. heilsugæslu, skóla, löggreglu, félagasamtök í Grafarvogi. Foldaskóli í Reykjavík var með í upphafi og hefur nýtt vinnuaðferðir uppbyggingarstefnunnar frá árinu 2000 og nýtir enn. Árið 2006 voru 10 grunnskólar styrktarskólar sem nýttu vinnuaðferðir Uppbyggings sjálfsaga til ábyrgðar. Vorið 2008 er félagið Uppbygging sjálfsaga stofnað formlega og voru 30 stofnfélagar á stofnundi. Í dag eru 160 skráðir félagsmenn í féluginu og um 100 skólastofnanir (leik-, grunn- og framhaldsskólar) skráðir styrktarskólar (sjá vef félagsins www.uppbygging.is). Pað eru fleiri stofnanir en styrktarskólar sem nýta sér þessar vinnuaðferðir og hugmyndafræði Uppbyggings sjálfsaga í vinnu sinni og viljum við hvetja þá til að ganga til liðs við félagið og efla styrk okkar til enn frekari bjarga.

Ef nýir skólar- stofnanir vilja styrkja félagið og njóta aðstoðar félagsins og gerast styrktarskólar er styrkurinn sem hér segir:

- | | |
|--------------|-----------------------|
| 1-100 nem. | = 6.500 kr styrkur. |
| 101-500 nem. | = 13000 kr styrkur |
| 501 og fl. | = 19.500 kr. styrkur. |

Þeir sem geta og vilja gerast styrktarskólar/ stofnanir þá þarf þetta:

Sendið undirrituðum eftirfarandi:

- 1) Nafn stofnunar og heimilisfang
- 2) Kennitölu greiðanda ?
- 3) Netfang stofnunar eða ábyrgðaraðila ?
- 4) Tölur um fjölda nemenda- barna
- 5) Ef töluliður 4 á ekki við þá semjum við sérstaklega um upphæð styrks.

Pað sem áunnist hefur er :

Við tökum öll þátt í að efla félagið Uppbygging sjálfsaga.

Við getum þá enn frekar aðstoðað hvert annað og veitt bjargir.

Við fáum aðgang að námskeiðum félagsins á kostnaðarverði

Við fáum bókina Verkfærakistann án gjalda

Við fáum þarfaspjöldin A-2 og A-3 án gjalda

Við fáum aðrar bækur og efni sem félagið gefur út eða útvegar á góðum kjörum

Við höfum aðgang að öllu efni sem er á vef félagsins til niðurhals.

Uppbyggings sjálfsaga uppbygging@uppbygging.is

Fésbók: uppbyggingsjalfsaga

Heimasíða: www.uppbygging.is

Sveinbjörn Markús Njálsson

Gjaldkeri.

sveinbjorn.njalsson@gmail.com